

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júlí 2019


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 6. ágúst 2019

Akureyri. Samkvæmt Veðurstofu Íslands var hiti í júlí yfir meðallagi síðustu 10 ára og það rigndi óvenjumarga daga. Vindhraði var ívið minni en í meðalári. Heildarfjöldi frjókorna var 1334 frjó/m³ eða talsvert yfir meðaltali 1998–2018 sem er 896 frjó/m³. Frjókorn voru samfellt í lofti allan mánuðinn og voru flest 29. júlí, 396 frjó/m³. Fjöldi frjókorna fór þrisvar sinnum yfir 100 frjó/m³, dagana 28. 29. og 30. júlí.

Langflest frjókorna voru grasfrjó, 1139 frjó/m³ en meðaltal þeirra í júlí er 660 frjó/m³. Þau fóru hæst í 357 frjó/m³ þann 29. júlí en daginn áður mældust þau 306 frjó/m³. Þessir tveir dagar standa þannig fyrir tæpum 60% allra grasfrjókorna í júlímánuði. Áfram má búast við grasfrjóum í lofti í ágústmánuði ef veðurskilyrði eru þeim hagstæð.

Súrufrjó mældust flesta daga í júlí og fóru hæst í 5 frjó/m³ þann 10. júlí. Heildarfjöldi súrufrjóa var 46 frjó/m³, næstflest á eftir grasfrjóum.

Minna mældist af öðrum tegundum frjókorna.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júlí á Akureyri. Mest var af frjóum síðustu fjóra dagana í mánuðinum eða 928 frjó/m³. Það eru tæp 70% allra frjókorna í júlí. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmslofti og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.




Garðabær. Samkvæmt Veðurstofu Íslands var júlí hlýjasti mánuður frá upphafi mælinga á höfuðborgarsvæðinu og úrkoma nálægt meðalári. Vindhraði var ívið minni en í meðalári. Heildarfrjöldi frjókorna í júlí í Garðabæ var 1034 frjó/m³, en meðaltalið fyrir júlí er 919 frjó/m³. Frjó mældust alla daga mánaðarins en lítið var um háar frjótölur. Aðeins einu sinni fór frjótalan yfir 100, þann 18. júlí þegar mældust 174 frjó/m³. Það voru aðallega grasfrjó sem mældust þann dag.

Langflest frjókornanna voru grasfrjó, 795 frjó/m³, aðeins yfir meðaltalinu sem er 633 frjó/m³. Þau voru tæp 77% allra frjókorna í júlí. Flest grasfrjó mældust 18. júlí eða 156 frjó/m³.

Súrufrjó voru næstalgengust á eftir grasfrjóum, eða 43 frjó/m³. Þau mældust flesta daga og fóru hæst í 5 frjó/m³ þann 5. júlí.

Af öðrum frjókornum mældist minna.

Grasfrjó geta mælst í ágúst í töluverðu magni ef veðurskilyrði eru þeim hagstæð.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júlí í Garðabæ. Mest var af frjóum þann 18. júlí, 174 frjó/m³. Frjótala er mælicining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 6. ágúst 2019

Ellý Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is

www.ni.is

